

Níundi fundur haldinn í Breiðabliki 30. júní 2021 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Sameiginlegt embætti skipulags- og byggingarfulltrúa á Snæfellsnesi. Oddviti sagði frá samstarfi sínu, oddvita Helgafellssveitar, bæjarstjóra Grundarfjarðarbæjar og bæjarstjóra Stykkishólmsbæjar vegna ráðningarferlis skipulagsfulltrúa/sviðsstjóra og byggingarfulltrúa. Alls bárust 26 umsóknir um störfin tvö, skv. tveimur auglýsingum, og voru níu umsækjendur teknir í viðtal. Ráðgjafi frá Attentus aðstoðaði við ráðningarferlið og framsetningu hæfnimats. Unnið er í samræmi við samning sveitarfélaganna fjögurra „um samstarf um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa og yfirumsjón með eignasjóði þ.m.t. verklegum framkvæmdum og fasteignum“, en drög að þeim samningi voru lögð fyrir og samþykkt í hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps 14. febrúar og 30. mars sl.

Þar er í 1. gr. fjallað um sameiginlegan rekstur og fyrirsvar um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa. Þar segir m.a.:

„Gengið er frá umboðum til handa þeim sem gegna störfum skipulags- og byggingarfulltrúa af hálfu sveitarfélaganna í samræmi við skipulagslög og lög um mannvirki.“

Ennfremur:

„Samningur þessi skal staðfestur af sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga, sem veita framkvæmdastjóra sveitarfélagsins eða oddvita umboð til að fara með fyrirsvar fyrir þess hönd varðandi framkvæmd samningsins, þ.á m. vegna ráðninga [eða tilnefninga] starfsfólks skv. samningnum.“

Í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Eyja- og Miklaholtshrepps frá nóvember 2014, sjá hér:

[SamtykktirEyja.pdf \(eyjaogmikla.is\)](#) segir, í 42. gr., um ráðningu í æðstu stjórnunarstöður:

„Sveitarstjórn ræður starfsmenn í stjórnunarstöður hjá Eyja- og Miklaholtshreppi og veitir þeim lausn frá starfi.“

Í samræmi við þetta ákvæði og ákvæði framangreinds samstarfssamnings við Stykkishólmsbæ, Grundarfjarðarbæ og Helgafellssveit, felur hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps oddvita fyrirsvar fyrir hönd sveitarfélagsins til að ljúka frágangi málsins og að tilnefna byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa fyrir sveitarfélagið, skv. samstarfssamningi sveitarfélaganna og í samræmi við niðurstöður ráðningarferlis, til Skipulagsstofnunar og

Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, sbr. 1. og 3. mgr. 8. gr. laga um mannvirki og 1. mgr. 7. gr. skipulagslaga.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt, fundi slitið kl. 21.30

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)